

Nefndasvið Alþingis
Tjarnargötu 9
150 Reykjavík



Akranesi 7.2.2024

Tilvísun: V202402003

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018. 35. mál.

Landmælingar Íslands fagna framlagningu frumvarps til breytinga á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018.

Stofnunin hefur leitt innleiðingu á lögum nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar þar sem meginstefið er opið aðgengi og samnýting gagna. Í samræmi við það hafa Landmælingar Íslands um árabíl veitt opið aðgengi að gögnum sínum með CC BY 4.0 skilmálum.

Það er sérstakt fagnaðarefni að í frumvarpinu sé fjallað um mjög verðmæt gagnasett (HVD) en að mati stofnunarinnar er opið aðgengi að þeim ekki einungis þjóðhagslega hagkvæmt heldur styður við jafnræði og inngildingu jaðarsettra í samfélaginu.

Landupplýsingar og fjarkönnunargögn eru tveir af sex meginflokkum mjög verðmætra gagnasetta og því vill stofnunin vekja athygli á mikilvægi þess að byggja á þeirri vinnu sem nú þegar hefur farið fram hér á landi við uppbyggingu grunngerðar landupplýsinga, því tengslaneti sem þar hefur verið sett saman og tæknilausnum sem nýtast í innleiðingu laga um endurnot opinberra upplýsinga.

Virðingarfyllst

Gunnar H Kristinsson

settur forstjóri Landmælinga Íslands

(Rafræn undirritun)